

Hinn 12. mars 2014 voru fimm ár liðin frá því að Alþingi samþykkti tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu sem opinberri stefnu í málefnum íslenskrar tungu. Málstefnan var birt í ritinu *Íslenska til alls — íslenske málstefna* og gefin út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu 2009. Mennta- og menningarmálaráðuneyti var falið að fylgja málstefnunni eftir.

Aðalmarkmið þeirrar stefnu sem þar var sett fram og samþykkt er eftirfarandi:

Að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Margt hefur áunnist frá því að íslensk málstefna var samþykkt. Nefna má að árið 2011 samþykkti Alþingi lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls en það er afar mikilvægt skref í að treysta stöðu þessara mála í íslensku samfélagi.

Enn er þó mikið óunnið. Í Íslensku til alls er getið fjölda brýnna verkefna sem nauðsynlegt er að ráðast í. Hér verður þó aðeins dregið á tvennt:

(1) **Íslenska í tölvuheiminum.** Í kafla um ástand mála í *Íslensku til alls* var því lýst hvernig upplýsinga- og tölvutæknin væri orðin mikilvægur þáttur í daglegu lífi alls almennings í landinu. Sú þróun hefur haldið áfram, m.a. með tilkomu snjallsíma og spjaldröva sem nú eru nánast í hvers manns eigu. Það er allur gangur á því hvort notendaviðmót þessara tækja er á íslensku – tæki frá Apple, iPhone og iPad, eru ekki fáanleg með íslensku viðmóti. Í snjallsímum og spjaldröllum með Android-stýrikerfi gefst kostur á íslensku viðmóti en ekki er vitað hversu mikið notendur nýta sér það.

Notkun tungumálsins við stjórn tölvustýrðra tækja fer smátt og smátt vaxandi og þar með ásókn enskunnar því að yfirleitt er ekki hægt að nota íslensku í þessu umhverfi. Þó er mikilvægt að nú er unnt að nota íslenska raddleit í snjallsímum með Android-stýrikerfi. Fyrir utan beina kosti þess er hugsanlegt að þetta opni augu notenda fyrir því að íslenska er vitaskuld nothæf í þessu umhverfi, ef henni eru sköpuð réttu skilyrðin.

Í Íslensku til alls var skilgreint eftirfarandi meginmarkmið:

Að íslensk tunga verði nothæf — og notuð — á öllum þeim sviðum innan tölvu- og upplýsingatækninnar sem varða daglegt líf alls almennings.

Nauðsynlegum aðgerðum var lýst í Íslensku til alls og verða þær ekki tíundaðar hér, en því miður er enn langt í land. Ef ekki verður brugðist skjótt við er raunveruleg hættu á að

íslenska verði innan fárra ára ónothæf á mikilvægum og sjálfsögðum sviðum upplýsingatækninnar. Upplýsingatæknin er þegar orðin ríkur þáttur í daglegu lífi fólks á Íslandi og ekkert bendir til annars en mikilvægi hennar muni halda áfram að aukast hröðum skrefum. Hljóti íslensk tunga þau örlög að verða ónothæf á þessu sviði, bíði stafrænan dauða, er hætt við að staða tungunnar taki að veikjast hratt á fjölmörgum öðrum sviðum samfélagsins.

(2) **Íslenska í menntakerfinu.** Í *Íslensku til alls* er fjallað um íslensku í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum og í kennaramenntun. Þar er lýst mörgum brýnum verkefnum en fjölmargt er enn óunnið. Nefna má einkum tvennt:

(a) Dregið hefur úr íslenskukennslu í menntun leik- og grunnskólakennara. Nauðsynlegt er að hverfa frá þessari óheillaþróun og efla menntun móðurmálskennara á öllum skólastigum og kennara sem kenna íslensku sem annað mál.

(b) Nauðsynlegt er að auka hlut íslensku í skólakerfinu. Við stöndum öðrum Norðurlandþjóðum að baki í kennslu móðurmáls í grunnskólum. Þá ollu niðurstöður síðustu PISA-könnunar, sem birtar voru 2013, miklum vonbrigðum því að þar kom í ljós að lesskilningur íslenskra unglinga er afar slakur.

Óþarfi er að fjölyrða um hve gríðarlega mikilvægir vel menntaðir kennarar og góð kennsla í íslensku er fyrir framtíðarhorfur íslenskrar tungu. Á þessu sviði er verk að vinna.

Það er mikið verkefni að rækta íslenska tungu og tryggja framtíð hennar; því verkefni verður aldrei lokið. Mikilvægt er að halda áfram að framfylgja þeirri stefnu sem mörkuð var í *Íslensku til alls* og Alþingi samþykkti. Íslensk málnefnd hvetur mennta- og menningarmálaráðherra til að gefa þessu máli gaum og sérstaklega þeim tveimur sviðum sem að ofan voru nefnd.

Fyrir hönd Íslenskrar málnefndar,

Guðrún Kvaran,
formaður